

# Fundargerð 386. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, þriðjudaginn 16. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Björn Arnaldsson og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 385. fundar frá 17. maí sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Rekstrarhorfur Sandgerðishafnar - 1608001HA

Lagt fram bréf frá Sandgerðishöfn, dags. 21. júní 2016, þar sem óskað er eftir að rætt verði um rekstrar horfur hafna á hafnasambandsþinginu í haust. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 26. janúar 2016, þar sem farið er yfir rekstrarhorfur Sandgerðishafnar.

*Starfsmanni falið að gera úttekt á hvaða hafnir eru með þyngsta reksturinn og leggja fyrir næsta stjórnarfund.*

### 3. Samráðsnefnd um vitamál - 1605176SA

Lögð fram fundargerð Samráðshóps um vitamál, dags. 10. maí 2016, en Halldór Karl Hermannsson er fulltrúi hafnasambandsins í nefndinni. Einnig lögð fram yfirlitsmynd yfir vita á Íslandi.

*Til kynningar.*

### 4. Breyting á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum - óskað umsagnar - 1606001HA

Lagt fram erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 8. júní 2016, um breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir tillögum eða ábendingum um breytingar á ákvæðum laga nr. 106/2000 um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum, tímalengd ákvarðana um mats skyldu, endurskoðun matskýrslu, innheimtu Skipulagsstofnunar á kostnaði vegna málsmeðferðar framkvæmda sem heyra undir löggin eða viðmiðunargildum framkvæmda.

*Lagt fram til kynningar en stjórn hefur engar ábendingar að svo stöddu.*

**5. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1608002HA**

Lagður fram póstur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 6. júní 2016, þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

*Formanni falið að útbúa drög að umsögn og senda á stjórnarmeðlimi til samþykktar.*

**6. Gjald Umhverfisstofnunar vegna eftirlits með móttöku og meðhöndlun úrgangs - 1601003HA**

Lagt fram svarbréf frá Umhverfisstofnun, dags. 25. maí 2016, við erindi hafnasambandsins frá 25. janúar sl. er varðaði gjaldtöku stofnunarinnar fyrir eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum.

*Til kynningar.*

**7. Hafnasambandsþing 2016 - 1605002HA**

Starfsmaður gerir grein fyrir stöðu mála varðandi undirbúning hafnasambandsþings.

*Hafnasambandsþing Hafnasambands Íslands verður haldið dagana 13.-14. október 2016 á Ísafirði. Starfsmaður er búinn að senda út boð á þingið en engar skráningar hafa borist skrifstofu hafnasambandsins. Starfsmanni falið að senda út ítrekun á aðildarhafnir.*

**8. Stefnumótunarnefnd hafnasambandsins 2014-2016 - 1604003HA**

Lögð fram drög að stefnu fyrir Hafnasamband Íslands sem stefnumótunarnefnd hafnasambandsins vann fyrir tímabilið 2016-2018.

*Stjórn samþykkir drögin og felur starfsmanni að senda þau út á aðildarhafnir til umsagnar. Stefnumörkunin verður tekin til umræðu á hafnasambandsþingi í október og lögð fram til staðfestingar.*

**9. Stjórnarfundir 2016-2017 - 1601002HA**

Lagt fram minnisblað um fyrirhugaða fundardaga stjórnar 2016-2017.

*Til kynningar.*

**10. Tilraunaverkefni um meðhöndlun sorps ásamt móttöku og flokkun í höfnum - 1605003\_1HA**

Lagt fram að nýju erindi frá Klappir Development, dags. 9. Maí 2016, þar sem óskað er eftir hafnasambandið verði þátttakandi í tilraunaverkefni sem miðar að því að skráning og úrvinnsla gagna í tengslum við móttöku á sorpi verði á rafrænu formi. Einnig lagt fram minnisblað um verkefnið.

*Áður en ákvörðun verður tekin verður málinu vísað til hafnasambandsþings.*

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Björn Arnaldsson

---

Sigrún Árnadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson